



ATVINNU-, FERÐA- OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026

17. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn fimmtudaginn 22. janúar 2026 kl. 13:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eypórsdóttir formaður og Arna Þöll Sigmundsdóttir en Herbert Hauksson boðaði forföll. Varamenn höfðu ekki tök á að sitja fundinn.

Einnig sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri. Í upphafi bar formaður upp tillögu um að sveitarstjóri myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða. Hér var gengið til dagskrár.

1. Páskaviðburður 2026.

Ákveðið hefur verið að hafa páskaviðburð á annan í páskum, þann 6. apríl, kl. 11:00, í Lækjargarðinum. Á síðasta ári skipulagði nefndin páskaeggjaratleik sem tókst vel og því er stefnt að því að endurtaka það. Í boði mun verða kaffi, kleinur og safi og svo munu allir þátttakendur fá páskaegg. Þar sem Hótel Hill hefur staðið fyrir páskaeggjaleit þá mun verða passað upp á að þessir viðburðir verði ekki á sama tíma. Límtré/Vírnet hefur styrkt viðburðinn frá upphafi og mun verða leitað til þeirra um áframhaldandi samstarf í ár.

2. Hrunamannahreppur 1150 ára – afmælishátíð.

Sveitarstjóri kynnti væntanlega dagskrá afmælisársins og stöðu verkefna. Nefndarmenn lýstu yfir ánægju með vænta dagskrár og munu kanna með hvaða hætti nefndin getur komið að dagskránni. Nefndin vill gjarnan hitta afmælisnefndina í febrúar ef hægt er að koma því við til að stilla saman strengi og skoða tímalínu viðburða. Sveitarstjóra falið að koma á þeim fundi.

3. Önnur mál.

Jólamarkaður í byrjun desember var mjög fjölsóttur og væntanlega hafa ekki áður mætt fleiri á markað hingað. Í þetta sinn var passað að aðrir jólamarkaðir í nágrenninu myndu ekki vera á sama tíma sem virkaði vel. Tímasetningin frá 13:00 – 16:00 var afar góð og engin ástæða til að breyta því næst. Bláðrarinn sló í gegn og gaman var að geta nýtt bókasafnið við viðburðinn. Gaman væri ef að Björgunarfélagið Eyvindur gæti nýtt viðburðinn til sölu jólatrjáa sem nú fór fram sömu helgi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:18

Ragnhildur Stefania Eypórsdóttir
Arna Þöll Sigmundsdóttir